5 690900 000900
SUNNUDAGUR VERÐ KR. 300

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913 | 17. TBL. 92. ÁRG. SUNNUDAGUR 18. JANÚAR 2004 PRENTSMIÐJA ÁRVAKURS HF. | mbl.is

Nýr liðsmaður í 70 mínútur

Gott að fá nýjar hugmyndir í þátt sem sífellt tekur breytingum | **Fólk**



Tímaritið og Atvinna í dag

Tímarit Morgunblaðsins | Táknmál tónskálds ▶ Strákar með lystarstol ▶ Litadýrðin lifir veturinn af ▶ Menningarpottur í miðborginni
Atvinna | Launahlutfall ▶ Iðn- og tæknimenntun ▶ Draumastarfið



Sendiherra Ísraels vísað á dyr

Skemmdi listaverk í sænska þjóðminjasafninu í Stokkhólmi

Stokkhólmi. AFP.

YFIRMENN sænska þjóðminjasafnsins sáu sig tilneydda að reka sendiherra Ísraels í Svíþjóð, Zvi Mazel, á dyr sl. föstudag eftir að hann hafði eyðilagt listaverk í safninu.

Mazel hafði verið boðið að vera viðstaddur opnun sýningar er tengist ráðstefnu um þjóðarmorð sem halda á í Stokkhólmi. Í anddyrinu gat hins vegar að líta innsetningu; brunn fullan af rauðleitu vatni sem ætlað var að tákna blóð. Á vatninu flaut lítill bátur með ljósmynd af Hanadi Jaradat, palestínskri konu sem sprengdi sig í loft upp í Haifa í október og drap um leið 21 Ísraela. Er haft eftir safnstjóranum, Kristian Berg, að Mazel hafi orðið algerlega brjálaður þegar hann sá verkið. „Hann reif ljóskastara úr sambandi og henti einum þeirra á brunninn sem olli skammhlaupi í innsetningunni og ógnaði lífi nærstaddra," sagði Berg.

„Fyrir mér var þetta óbærileg sýn og móðgun við ættingja fórnarlambanna í Haifa. Sem sendiherra Ísraels gat ég ekki látið sem ég sæi ekki svo grófa mistúlkun á veruleikanum," sagði Mazel sendiherra hins vegar.

Sýnt fram á möguleika myndlistar

SÝNING Ólafs Elíassonar *Frostvirkni* var opnuð í Hafnarhúsinu í gær.

Í viðtali í Tímariti Morgunblaðsins í dag segir Ólafur list vera virkt afl við mótun samfélagsins og „þróast með sama hætti og vísindi; hún tekst á við þau vandamál og hugtök sem eru efst á baugi og mikilvægust hverju sinni." Hann segir hægt að „líta svo á að list, sem verknaður eða athöfn, sé ekki knúin áfram af orðum eða tjáningu tengdri tungumáli, heldur sé hún lifandi vettvangur fyrir rýmis- eða hreyfikönnun."



Ólafur Elíasson

Í umsögn í blaðinu í dag segir Ragna Sigurðardóttir m.a.: „Verk Ólafs hafa lag á því að kalla fram margvíslegar vangaveltur og vekja fólk til umhugsunar um leið og þau eru hrein sjónræn upplifun og skemmtun."

Niðurlagsorð Rögnu eru: „Það er ljóst að ekki aðeins verður þessi sýning til þess að opna augu margra hér á landi fyrir möguleikum myndlistarinnar í dag heldur verður hún án efa til þess að hjálpa íslenskum listamönnum á einhvern hátt við að koma sér á framfæri. Ólafur er Björk íslenskra myndlistarmanna."

■ Tímarit Morgunblaðsins
■ Stendur undir væntingum/36



Reuters

Ósáttir við atvinnuleysið í Írak

ATVINNULAUSIR Írakar bíða í röð fyrir framan atvinnuleysisskrifstofu í Samawa í Suður-Írak í gær. Aðsúgur var gerður að starfsfólki skrifstofunnar fyrr í vikunni en margir eru óánægðir með að ekki skuli hafa verið staðið við loforð um að tryggja fólki atvinnu.

Vilja að SÞ komi aftur að málum í Írak

Washington, Bagdad. AFP, The Washington Post.

BANDARÍKJAMENN hyggjast fara fram á það við Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að hann sendi starfslið SÞ aftur til Íraks í því skyni að hafa yfirumsjón með valdaframsali í hendur heimamanna sem á að fara fram í sumar. Vonast þeir til að þátttaka SÞ verði til þess að Ajatollah Ali al-Sistani, trúarleiðtogi sjíta í Írak, dragi til baka kröfur um að haldnar verði beinar kosningar í landinu hið fyrsta.

Paul Bremer, landstjóri í Írak, fundaði með embættismönnum í Washington í gær og fyrradag og hittir Annan á morgun, mánudag. „Við myndum vilja að SÞ kæmi að öllum hliðum mála, öllu hinu pólitíska ferli," sagði Bremer við fréttamenn í fyrrakvöld.



Paul Bremer

Ekki er hins vegar talið öruggt að Annan samþykki þessar hugmyndir. SÞ drógu allt starfslið sitt frá Írak eftir árásina á höfuðstöðvar samtakanna í Bagdad í ágúst sem kostaði á þriðja tug manna lífið. Hefur Annan sagt að ekki komi til greina að SÞ hefji aftur starfsemi í Írak nema ástand öryggismála hafi skánað og SÞ fái veigamikið hlutverk við stjórn mála.

Bandaríkjamönnum er mjög umhugað um að ná samkomulagi við Sistani erkiklerk og Bremer segir að hann sé reiðubúinn til að skoða breytingar á áætlunum um valdaframsal í hendur Írökum. Bandaríkjamenn hafa stefnt að því að framselja völdin í hendur bráðabirgðastjórn, sem skipuð yrði Írökum handgengnum þeim, 1. júlí nk. en Sistani krefst þess að fram fari kosningar þannig að Írakar geti valið eigin fulltrúa í stjórn. Bandaríkjamenn telja óraunhæft að halda kosningar með svo skömmum fyrirvara. Olli það áhyggjum þeirra á föstudag er nánasti samstarfsmaður Sistanis, Sheikh Abdul Mahdi, notaði bænastund í hinni helgu borg Karbala til að hóta því að efnt yrði til mótmæla, verkfalla og jafnvel átaka við bandaríska hermenn ef ekki yrði orðið við kröfum um kosningar.

Hrópað að Musharraf

Islamabad. AP.

PERVEZ Musharraf, forseti Pakistans, hvatti í gær pakistanska þingið og landsmenn alla til að hefja heilagt stríð gegn hryðjuverkum. Sagði hann að pakistanskt samfélag væri á krossgötum, útrýma yrði öfgunum sem víða fyrirfyndust nú um stundir.



Musharraf ávarpaði pakistanska þingið í fyrsta skipti frá því að herinn í landinu rændi völdum árið 1999. Stjórnarandstæðingar gerðu hins vegar stöðug hróp að forsetanum á meðan á 45 mínútna langri ræðu hans stóð og hvöttu þeir hann til að segja af sér. „Farðu Musharraf, farðu Musharraf," hrópuðu þeir.

Endurhæfingardeild lokað á Landakoti og sjúklingar fluttir annað

ÁKVEÐIÐ hefur verið að loka einni endurhæfingardeild á öldrunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss á næstu vikum, að sögn Jóns Snædal, varaformanns Læknafélags Íslands. Er það hluti af sparnaðaraðgerðum spítalans. Jón tekur þó fram að sjúklingunum verði komið fyrir á öðrum deildum öldrunarsviðs eða á nýjum hjúkrunarrýmum á Eir eða Vífilsstöðum. Um 20 sjúklingar eru á deildinni sem á að loka.

Deildin, sem um ræðir, er til húsa á Landakoti, en þar eru starfræktar sjö deildir. Þar af eru tvær endurhæfingardeildir, sem opnar eru sjö daga vikunnar og ein endurhæfingardeild sem opin er fimm daga vikunnar. Með breytingunni á að loka einni sjö daga deild og breyta annarri sjö daga deild í fimm daga deild. Þar með verða tvær fimm daga endurhæfingardeildir á Landakoti.

Jón segir að sé litið á þessar breytingar, einar og sér, skapi þær ekki stórkostleg vandamál. Hann tekur sem dæmi að hingað til hafi vandamál við lokun einnar deildar innan spítalans verið leyst í samvinnu við aðrar deildir. En í ljósi þess að verið sé að skera niður á fleiri stöðum innan spítalans sé erfiðara að eiga við breytingar sem þessar. „Við erum uggandi því þetta gerist allt á sama tíma," segir hann. Jón segir að stjórnendur spítalans séu vissulega að reyna að útfæra sparnaðartillögur eftir bestu getu. „En stærðargráðan á verkefninu er slík að það kemur harkalega niður á þjónustu spítalans."